

STJÓRNARTÍÐINDI B 116 – 2001

6. nóvember 2001

2579

Nr. 846

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1343 (2001) um refsiaðgerðir gegn Líberíu.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1343 (2001), dags. 7. mars 2001, um refsiaðgerðir gegn Líberíu og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Líberíu vopn og vopnabúnað, þ.m.t. skotfæri, hervagna og varahluti fyrir vopnabúnað.
2. Óheimilt er að flytja framangreint um íslenskt yfirráðasvæði eða með skipum eða flugvélum sem skráð eru á Íslandi.
3. Óheimilt er að flytja inn til landsins óunna eðalsteina frá Líberíu eða sem upprunnir eru þaðan.
4. Öllum aðilum í ríkisstjórn Líberíu, embættismönnum, hermönnum, mökum þeirra og aðilum sem selja uppreisnarsveitum í nágrenni Líberíu vopn er óheimilt að koma til Íslands eða fara um íslenskt yfirráðasvæði. Fyrirgreint á ekki við ef um er að ræða embættiserindi á vegum ríkisstjórnar Líberíu til höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna eða ef nefnd öryggisráðsins um málefni Líberíu ákveður annað.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 6. nóvember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

31. október 2001

Nr. 847

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (IV).

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir ráðsins sem vísað er til í VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000 frá 28. janúar 2000, 8/2000 frá 4. febrúar 2000 og 9/2000 frá 28. janúar 2000 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af VI. viðauka samningsins og öðrum ákvæðum hans: